

94

30. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-
samþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 153 12. sept. 1941.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 frá 1919, lög nr. 88 frá 1938 og lög nr. 111 frá 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðar-
kaupstað.

1. gr.

Aftan við 3. málsgrein 41. greinar komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Komi sauðfé á almannafæri, sbr. 1. gr., eða inn á ræktunarlönd einstaklinga í bænum á tímabilinu frá 20. júní til 20. september, lætur lögreglustjóri handsama gripina, skoða nákvæmlega fjármark og önnur augljós einkenni á þeim og auðkenna þá haldgóðu merki. Skal eigendum síðan gefinn kostur á að vitja þeirra. Komi sömu skepnur aftur á almannafæri eða ræktunarlönd samsumars, skal lög-
reglustjóri sjá svo um, að þeim verði lógað í næstu sláturtíð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 1954.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

95

30. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 192 24. nóv. 1949.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugagjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugagjalds ákveðst samkvæmt fyrirætlum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (úti-
hús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugagjald hundradshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. grein og fellur í gjalddaga, þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þ. k. fer eftir nánari ákvæð-
um í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

95

30. júní

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugagjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 50 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 65 000 króna matsverði, 10 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 65 000 krónur, allt að 500 000 króna matsverði og 2 af hundraði af því sem er þar fram yfir, enda séu samanlögð lengd háspennu- og lágspegnulína veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverð og miðað heimtaugagjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugagjaldið fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heimtauggjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

3. gr.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 43 27. apríl 1954, um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 192 24. nóv. 1949.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. júní 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

96

1. júlí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar
Landssambands hestamannafélaga.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr., 25 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 75% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um, á þann hest, er vinnur.